

28. janúar 2016

## **Ríkiskaup**

**Fyrir hönd Bankasýslu ríkisins.**

### **Efni: Ráðgjafarhlutverk í tengslum við sölufarli á eignarhlut í Landsbankanum hf.**

Fjármálafyrirtækin Arctica Finance hf. („Arctica“) og Virðing hf. („Virðing“) lýsa yfir með bréfi þessu áhuga á að koma sameiginlega til greina sem leiðandi umsjónaraðili eða almennur söluráðgjafi vegna fyrirhugaðrar sölumeðferðar á eignarhlut íslenska ríkisins í Landsbankanum hf. („Landsbanki“) og eftir atvikum annarra fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins.

Vísað er til óskar Ríkiskaupa um yfirlýsingar vegna áhuga á mögulegu ráðgjafarhlutverki, sem er dagsett 20. janúar 2016 og birtist á vef stofnunarinnar, og stöðuskýrslu Bankasýslu ríkisins („Bankasýslan“) varðandi fyrirhugaða sölumeðferð, sem er dagsett 8. janúar 2016, og aðgengileg er á vef Bankasýslunnar.

Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir samstarfi Arctica og Virðingar (saman „félögin“) og hæfni félaganna til þess að sinna ráðgjafarhlutverki í tengslum við mögulega sölumeðferð.

### **Almennt um sölumeðferð á eignarhluta í Landsbanka**

Umsýsla á eignarhlutum íslenska ríkisins í fjármálafyrirtækjum er vandmeðfarið viðfangsefni. Eignarhaldið varðar mikla efnahagslega hagsmuni. Samkvæmt stöðuskýrslu Bankasýslunnar er fjárhagsleg áhætta ríkissjóðs Íslands vegna eignarhalds í viðskiptabönkunum bæði meiri en í öðrum Evrópulöndum og meiri en hún hefur verið í sögulegu samhengi á Íslandi. Þannig er möguleg farsæl sala á eignarhlutum ríkisins ein árangursríkasta leiðin til að grynnka á skuldum ríkissjóðs.

Umsýslan, og þar með talin möguleg sölufarli, varða líka aðra þjóðhagslega hagsmuni en eingöngu efnahagslegar stærðir. Þar má nefna réttláta meðferð almannaþjá og uppbyggingu íslensks fjármálakerfis til framtíðar. Ákvæði laga um markmið Bankasýslu ríkisins, um hagkvæmni sölumeðferðar, og áherslur á opið sölufarli, gagnsæi, hlutlægni, sanngjörn skilyrði, jafnræði og eflingu virkrar og eðlilegrar samkeppni á fjármálamarkaði munu leika lykilhlutverk í mögulegri sölumeðferð. Arctica og Virðing telja sig vel til þess fallin að vinna að ofangreindum markmiðum í samræmi við nefnd viðmið.

### **Arctica og Virðing**

Arctica er verðbréfafyrirtæki sem starfar samkvæmt leyfi og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Félagið veitir fagfjárfestum og öðrum fjársterkum aðilum þjónustu í gegnum þrjú svið, Eignastýringu,

Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsviðskipti. Starfsmenn Arctica hafa víðtæka og áralanga reynslu af þjónustu og ráðgjöf af því tagi er félagið býður upp á. Arctica er eingöngu í eigu starfsmanna. Starfsmenn félagsins eru 21. Tengslanet starfsmanna teygir sig víða og hafa starfsmenn félagsins unnið verkefni víða erlendis, m.a. á Norðurlöndum, Bretlandseyjum, meginlandi Evrópu og Norður-Ameríku. Fyrirtækjaráðgjöf félagsins er sú fjölmennasta á Íslandi.

Í störfum Arctica er lögð áhersla á að byggja upp traust samband við viðskiptavinum, þar sem fagmennska og trúverðugleiki eru í fyrirrúmi.

Virðing er verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingatengda þjónustu á sviði eignastýringar, markaðsviðskipta, fyrirtækjaráðgjafar og reksturs framtakssjóða. Virðing hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Starfsmenn félagsins eru 31. Virðing er sjálfstætt fyrirtæki með dreift eignarhald sem stundar ekki viðskipti fyrir eigin reikning. Með því að vera óháð takmarkast hætta á hagsmunaárekstrum milli fyrirtækisins og viðskiptavina þess.

Grundvallaratriði í starfsemi Virðingar eru langtímaárangur og virðing fyrir einstaklingum, samfélagi og umhverfi.

### **Samstarf félaganna**

Markmið með samstarfi Arctica og Virðingar er að fullnýta sérfræðipækkingu og reynslu starfsmanna og skapa öflugri heild. Starfsmenn beggja félaga hafa víðtæka þekkingu af fjármálamörkuðum á Íslandi og erlendis og hafa stýrt eða tekið þátt í margvíslegum sölumeðferðum á íslenskum og erlendum félögum. Meðal slíkra verkefna má nefna ráðgjöf um fjármagnsskipan og verðmat fjármálafyrirtækja og skráningu félaga í kauphöll.

Arctica og Virðing eru óháð stóru viðskiptabönkunum þremur á Íslandi. Sem fyrr segir er Arctica eingöngu í eigu starfsmanna og eignarhald Virðingar er dreift og enginn með 10% eignarhlut eða meira. Áhætta af hagsmunaárekstrum gagnvart alhliða samkeppnisaðilum Landsbanka er því ekki til staðar í vinnu félaganna.

Bæði félögin hafa starfað með flestum stærstu fjárfestum landsins og tengslanet starfsmanna meðal fjárfesta, þar með talið lífeyrissjóða og annarra stærri fagfjárfesta, er víðfemt. Með samvinnu félaganna býðst tækifæri til skilvirkra samskipta við mögulega fjárfesta. Þar má nefna ráðgjöf um hvernig eigi að markaðssetja hlutabréf í sölufarli, greina viðbrögð hugsanlegra fjárfesta og veita ráðgjöf á hvaða verði bjóða eigi slík hlutabréf með tilliti til væntrar eftirspurnar. Það er mat Arctica og Virðingar að til þess að hámarka virði slíkrar ráðgjafar þurfi þekkingu og reynslu á íslenskum fjármagnsmarkaði, bæði til þess að skilja stöðu umræddra fjármálafyrirtækja sem eru í sölumeðferð og til þess að greina afstöðu innlendra fjárfesta, og að félögin búi yfir traustri þekkingu á þessum sviðum.

Margir starfsmanna félaganna hafa starfað á erlendra grund og allir hafa nokkra reynslu af samstarfi við erlenda aðila í tengslum við störf sín á íslenskum fjármálamarkaði. Verði af ráðningu erlends ráðgjafa í fyrirhugaðri sölumeðferð telja félögin sig vel í stakk búin til þess að samstarf við slíka aðila verði farsælt og verkkaupa til hagsbóta.

Starfsfólk Arctica og Virðingar hafa komið að fjölmörgum stórum sölufarlum og almennum útboðum í fjármálagreinanum og öðrum atvinnugreinum, bæði hér á landi og erlendis. Ef áhugi er af hálfu Bankasýslunnar á samstarfi við félögin eru þau að sjálfsögðu reiðubúin að tilgreina slík verkefni.

## Ferilskrár lykilstarfsmanna Arctica

Meðal lykilstarfsmanna Arctica sem myndu taka þátt í mögulegu sölufarli má nefna:

- Stefán Þór Bjarnason er framkvæmdastjóri og forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar og einn af stofnendum Arctica. Stefán var forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans á Íslandi og vann hjá Landsbankanum á árunum 1999 fram til október 2008. Á þessum tíma leiddi Stefán eða tók þátt í flestum af helstu fyrirtækjaráðgjafarverkefnum bankans. Stefán lauk kandidatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1999, öðlaðist máflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2001, og hefur lokið prófi sem löggiltur verðbréfamiðlari bæði á Íslandi og í Bretlandi
- Bjarni Þórður Bjarnason aðstoðarframkvæmdastjóri, er einn af stofnendum Arctica. Frá júní 2003 til október 2008 var Bjarni forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans. Fyrir þann tíma var Bjarni aðstoðarforstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Búnaðarbankans og þar áður í samskonar stöðu hjá Gildingu fjárfestingarsjóði. Bjarni var fyrir þetta einnig sérfræðingur hjá Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings. Á síðustu árum hefur Bjarni veitt mörgum íslenskum og erlendum fjárfestum ráðgjöf í kaupum og sölum á fyrirtækjum og rekstri auk þess að safna hlutafé. Bjarni er vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá Southern Methodist University í Bandaríkjunum.
- Jón Þór Sigurvinsson er verkefnisstjóri og sérfræðingur og einn af stofnendum Arctica. Jón Þór vann í Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans í tvö ár frá 2007-2008. Áður vann Jón Þór hjá fjárfestingafélaginu Straumborg, þar sem hann bar ábyrgð á fjárfestingum félagsins í orkugeiranum ásamt því að sjá um veltubók. Frá 2005-2007 sat Jón Þór í stjórn tveggja olíuleitarfyrirtækja. Frá 2004-2005 vann Jón Þór hjá Kjarnorkurannsóknarstofnun Frakklands, CEA. Jón Þór er með M.Sc. gráðu í orkuverkfræði frá Université Joseph Fourier í Frakklandi, B.Sc. gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og B.Sc. gráðu í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands, auk löggildingar í verðbréfamiðlun.
- Ólöf Pétursdóttir er sérfræðingur í Fyrirtækjaráðgjöf. Ólöf starfaði áður hjá H.F. Verðbréfum hf. í markaðsviðskiptum og síðar fyrirtækjaráðgjöf. Þar áður starfaði hún í fjárfestingu Sparisjóðabanka Íslands hf. sem forstöðumaður afleiðuborðs. Ólöf hefur B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og M.Sc. í fjárfestingastjórnun frá sama skóla og hefur að auki lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.
- Jóhann Pétur Harðarson starfaði hjá Össur Americas Inc., dótturfélagi Össurar hf. í Bandaríkjunum á árunum 2009-2012. Þar stýrði hann lögfræðisviði félagsins með áherslu á almenna samningagerð og fyrirtækjakaup ásamt samskiptum við lögfræðistofur. Jóhann Pétur var lögfræðingur Össurar hf. á Íslandi á árunum 2006-2009 og ritari stjórnar félagsins síðustu tvö árin. Á árunum 2003-2005 var Jóhann Pétur fulltrúi á LOGOS lögmannsstofu. Jóhann Pétur lauk kandidatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2002 og öðlaðist máflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2003. Hann er löggiltur verðbréfamiðlari. Jóhann Pétur lauk MBA námi frá New York University Stern School of Business árið 2012 með áherslu á fjármál fyrirtækja.

- Ólafur Þór Finsen er lögfræðingur og einn af stofnendum Arctica. Ólafur hefur starfað í fjármálageiranum frá 1999 þegar hann hóf störf í Búnaðarbankanum, en hann starfaði hjá Landsbanka Íslands frá júní 2003. Ólafur hefur komið að mörgum af helstu íslensku verkefnum tengdum fyrirtækjaráðgjöf. Ólafur lauk kandidateksprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og er með próf í verðbréfavíðskiptum frá árinu 2000.

## Ferilskrár lykilstarfsmanna Virðingar

Meðal lykilstarfsmanna Virðingar sem myndu taka þátt í mögulegu sölufarli má nefna:

- Hannes Frímánn Hrólfsson varð forstjóri Virðingar í janúar 2014 að loknum samruna við Auði Capital. Áður hafði hann starfað hjá Auði frá janúar 2012 sem aðstoðarforstjóri eftir samruna Auðar við Tinda verðbréf og sem forstjóri frá apríl 2013. Hann var framkvæmdastjóri og meðstofnandi Tinda verðbréfa frá 2009. Hann starfaði fyrir Kaupþing banka og síðar Arion banka í 11 ár. Hjá Arion banka var hann aðstoðarframkvæmdastjóri Fjárfestingar og Markaðsviðskipta. Hjá Kaupþingi var hann forstöðumaður Gjaldeyris- og afleiðumiðlunar og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri Markaðsviðskipta. Hannes er viðskiptafræðingur (cand.oecon) frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Hann hefur einnig lokið hinu alþjóðlega ACI miðlunarprófi.
- Ármann Þorvaldsson hóf störf hjá Virðingu vorið 2015. Hann hefur áralanga reynslu á sviði fjármálamarkaða og var framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings frá árinu 1997 til ársins 2005. Hann var framkvæmdastjóri Kaupþings Singer & Friedlander í Bretlandi frá 2005 til ársins 2008. Á árunum 2013-2015 starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá fasteignalánafélaginu Ortus Secured Finance í London og er stjórnarformaður þess félags. Ármann er rekstrarhagfræðingur (MBA) frá Boston University og hefur lokið BA gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands.
- Bjarki Logason hefur starfað hjá Virðingu frá samruna við Auði Capital. Bjarki hóf störf hjá Auði Capital haustið 2009. Hann hefur mikla reynslu úr fjármálageiranum, m.a. víðtæka reynslu af verðmötum fyrirtækja og fasteigna. Hann hefur tekið þátt í í mörgum af stærstu verkefnum fyrirtækjaráðgjafar. Bjarki starfaði hjá Landsbankanum frá 2002-2008, fyrst í greiningardeild og svo í fyrirtækjaráðgjöf. Árið 2008 stofnaði hann ráðgjafarfyrirtækið Strada Partners. Bjarki er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.
- Valdimar Svavarsson hóf störf hjá Virðingu árið 2010, fyrst sem framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Virðingar og síðar sem forstöðumaður viðskiptaþróunar. Hann hefur í tæpa tvo áratugi starfað í fjármálageiranum bæði hér heima og í London. Valdimar hefur starfað sem forstöðumaður fyrirtækjasviðs og síðar framkvæmdastjóri markaðs- og upplýsingamála hjá Frjálsa Fjárfestingarbankanum, framkvæmdastjóri einkabankaþjónustu hjá Heritable Bank í London og forstöðumaður markaðsviðskipta hjá VBS. Hann hefur auk þess rekið og stofnað eigin fyrirtæki, verið bæjarfulltrúi í 4 ár og setið í fjölmörgum stjórnnum fyrirtækja, ráðum og nefndum. Valdimar er hagfræðingur frá Háskóla Íslands, hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum og hefur tekið sambærilegt próf í Bretlandi.
- Magnús Edvardsson hefur starfað hjá Virðingu frá samruna við Auði Capital. Magnús hóf störf hjá Auði vorið 2009. Hann starfaði áður sem sérfræðingur í Greiningardeild Kaupþings þar sem hann vann að greiningu og mati á þróun fjármagnsmarkaðarins. Einnig tók hann þátt í

greiningu á fyrirtækjum á markaði, skrifaði greinar og stóð að fræðslu. Magnús útskrifaðist úr viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík árið 2006. Hann var einnig við nám í University of the Incarnate Word í Texas þar sem hann lærði viðskiptafræði. Hann útskrifaðist með mastersgráðu í fjárfestingarstjórnun úr Háskólanum í Reykjavík árið 2008.

- Leifur Þorbergsson hóf störf hjá Virðingu í upphafi árs 2016 en hann starfaði áður í deild Stefnumarkandi verkefna hjá Íslandsbanka og hjá Viðskiptaráði Íslands. Leifur hefur auk þess sinnt dæmatímakennslu í tölfæði við Háskólann í Reykjavík. Leifur er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur M.Sc. gráðu í fjármálum fyrirtækja frá Villanova School of Business í Pennsylvaníu.

#### Upplýsingar um nöfn og tengiliði

- Arctica Finance hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.
- Tengiliður: Stefán Bjarnason, framkvæmdastjóri stefan@arctica.is, s: 513 3300
  
- Virðing hf., Borgartúni 29, 105 Reykjavík.
- Tengiliður: Hannes Frímann Hrólfsson, forstjóri hannes@virding.is, s: 585 6500

Yfirlit yfir starfsheimildir Arctica og Virðingar er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: [http://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Yfirlit-yfir-starfsheimildir\\_FME\\_16des2015.pdf](http://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Yfirlit-yfir-starfsheimildir_FME_16des2015.pdf)

Bæði félög eru samþykkt því að yfirlýsing þessi verði birt með opinberum hætti. Þarfnist yfirlýsing þessi einhverra útskýringa eru undirritaðir tilbúnir til að hitta fulltrúa Bankasýslu ríkisins og/eða Ríkiskaupa til að ræða einstök atriði við fyrsta hentugleika.

Virðingarfyllst,

  
F.h. Virðingar hf.

  
F.h. Arctica Finance hf.